

Opið bréf

til íslensku þjóðarinnar

Nýleg framganga ríkisstjórnarinnar í kjaradeilum flugvirkja og flugumferðarstjóra er alvarleg áminning um að íslenskt launafólk býr ekki við grundvallar mannréttindi sem talin hafa verið varin af stjórnarskrá lýðveldisins. Með nýsettum lögum, sem banna verkfall Flugvirkjafélags Íslands og með hótun um lög á verkfall Félags íslenskra flugumferðarstjóra, hafa ríkisstjórn og Alþingi í raun afnumið verkfallsréttinn í landinu og brotið um leið gegn Mannréttindasáttmála Evrópu.

Stjórnarskráin er grundvallarlöggjöf íslenska ríkisins og æðri öðrum lögum. Það hefur verið meginregla í íslenskum og erlendum rétti að almenn lög skuli ekki brjóta í bága við stjórnarskrána. Þrátt fyrir það hefur Alþingi ítrekað sett lög sem svipta þegna landsins stjórnarskrárvörðum rétti þeirra. Á þessu fengu sjómenn að kenna árið 2001 og þetta hafa flugvirkjar og flugumferðarstjórar mátt reyna á síðustu vikum.

Stjórnámálamenn og flokkar sem gagnrýndu harðlega ríkisstjórn sem bannaði verkfall sjómanna árið 2001 hafa nú sjálfir haft forgöngu um að svipta flugvirkja og flugumferðarstjóra réttinum til að leggja niður störf í vinnudeilum.

Steingrímur J. Sigfússon í umræðum um lög á verkfall sjómanna 2001:

„Ég mótmæli bæði vinnubrögðunum og ég mótmæli efni þess máls sem hér er á ferðinni. Ég lýsi allri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni og meirihluta hennar, þeim hluta hans sem ætlar að greiða þessu frumvarpi atkvæði sitt, á þeim mannréttindabrotum og þeirri valdniðslu sem hér á að eiga sér stað.“

Össur Skarphéðinsson í umræðu um lög á verkfall sjómanna 2001:

„Hér er verið að setja lög sem moka burt rétti heillar starfsstéttar til að grípa til vinnustöðvunar til þess að styðja kröfur um bætt lífskjör. Ég get ekki stutt það. Hér er verið að brjóta mannréttindi. Ég get ekki stutt það. Verkfallsvopnið er helgasti réttur launafólks. Hér er verið að mölva það. Ég get ekki stutt það. Ég segi nei.“

Í dag, þegar þeir setja sjálfir lög sem banna löglega boðuð verkföll, hentar ekki lengur að tala um mannréttindabrot eða helgan rétt launafólks.

Samkvæmt nýjustu mælingum nýtur Alþingi minnst trausts allra stofnana samfélagsins, að undanskildu fjármálaeftirliti og bankakerfinu. Aðeins 13% landsmanna segjast bera mikið traust til þingsins. Það traust hefur ekki verið minna síðan mælingar hófust árið 1993. Þetta hlýtur að vera áhyggjuefni.

Við teljum að ekki þurfi að leita langt til að skýra þverrandi traust landsmanna á störfum Alþingis. Fyrsta skrefið til að endurheimta traustið hlýtur að vera að virða mannréttindi og starfa samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins.

Félag íslenskra flugumferðarstjóra
Flugvirkjafélag Íslands